

Þjóðgarður á miðhálandinu – Kynningarfundur Þverpólitískrar nefndar 21. ágúst

Þverpólitísk nefnd sem vinnur að tillögum um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu boðar til opins fundar um vinnu nefndarinnar. Á fundinum verður farið yfir verkefni nefndarinnar fram til þessa, ásamt því að ræða lokaskrefin í vinnu hennar. Nefndin mun skila lokaskýrslu með tillögum sínum til umhverfis- og auðlindaráðherra í september næstkomandi.

Fundurinn er öllum opinn og fer fram á Stracta Hotel á Hellu 21. ágúst næstkomandi.

Fundurinn hefst kl. 12:15 og áætlað er að honum ljúki 13:45. Boðið verður upp á súpu.